61 **Yfirlit yfir efnahag Söfnunarsjóðs Íslands við árslok 1903.**

Eignir:

1.	Veðskuldabrjef		kr.	294811 32
2.	Skuldabrjef prestakalla		—	4805 00
3.	Skuldabrjef Reykjavíkur		—	600 00
4.	Ógreiddir vextir		—	382 62
5.	Innstæða í Landsbankanum		—	1960 50
6.	Í sjóði hjá fjehirði		—	1354 01
			Kr.	303913 45

Gjöld:

1.	Innstæða vaxtaeigenda:				
	a. í aðaldeild	kr. 245206 69			
	Þaraf í deild hinnar æfinlegu erfingjarentu kr. 1813 59				
	b. Í útborgunardeild	kr. 30852 30			
	c. Í bústofnsdeild	— 9499 47			
	d. Í ellistyrksdeild	— 733 88	kr.	286292 34
2.	Vextir er bíða útborgunar		—	4447 44
3.	Höfuðstóll er bíður útborgunar		—	3 00
4.	Varasjóður		—	13170 67
			Kr.	303913 45

Stjórn Söfnunarsjóðs Íslands, Reykjavík 22. febr. 1904.

Eiríkur Briem. Jón Jensson. Magnús Stephensen.

62

Reikningur

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs Ørum & Wulffs 1903.

Tekjur:

1.	Sjóður frá f. ári:		
	Innritunarskírteini A fol. 92	kr.	4000 00
2.	Vextir	—	140 00
		Kr.	4140 00

Gjöld:

1.	Veittur styrkur:			
	a. Karli Ásgrímssyni frá Halldórsstöðum í Kinn	kr. 70 00		
	b. Jóni Vilhjálmssyni frá Gíslastöðum á Völlum	— 70 00	kr.	140 00
			Flyt kr.	140 00

Fluttar kr. 140 00 **62**

2. Sjóður 31. desbr. 1903:
Innritunarskírteini A. fol. 92 . . . . . kr. 4000 00

kr. 4140 00

Skrifstofu Norður- og Austuramtsins, Akureyri 14. jan. 1904.
Páll Briem. St. Guðjohnsen.

Embættaveiting m. m., lausn og skipun.

a. Lausn.

25. apríl veitti Hans hátign konungurinn rektor við hinn lærða skóla í Reykjavík Dr. phil. Birni M. Ólsen samkvæmt beiðni hans lausn í náð frá embætti frá 1. október 1904 að telja með eptirlaunum eptir eptirlaunalögunum.

11. maí var síra Arnóri Árnasyni presti í Tröllatungupiestakalli í Strandaprófastsdæmi af stjórnarráði Íslands veitt lausn frá embætti frá fardögum 1904 að telja með eptirlaunum eptir eptirlaunalögunum.

b. Skipun m. m.

30. apríl skipaði ráðherra Íslands, samkvæmt allrahæstum úrskurði 2. marz 1904, í milliþinganefnd í landbúnaðarmálum þá:

Lektor Þórhall Bjarnarson, sem formann.
Alþingismann Hermann Jónasson á Þingeyrum og
Umboðsmann Pjetur Jónsson á Gautlöndum.

25. apríl var rektor Dr. phil. Björn M. Ólsen, r. af Dbr., allramildilegast útnefndur prófessor með metorðum í 3. flokki nr. 9 í metorðaskránni frá 1. október 1904 að telja.

2. maí var presti að Eyvindarhólum síra Jes A. Gíslasyni veitt Mýrdalsþingaprestakall í Vesturskaptafellsprófastsdæmi.

2. maí skipaði stjórnarráðið cand. phil. Pjetur Hjaltested, til þess að vera fyrst um sinn skráritari vörumerkja í Reykjavík.

14. maí skipaði stjórnarráðið verzlunarstjóra Ólaf Davíðsson á Vopnafirði bókara við Landsbankann.

18. maí var presti í Landeyjaþingum síra Magnúsi Þorsteinssyni veitt Mosfellsprestakall í Kjalarnesprófastsdæmi.